



Alþingi
Fjárlaganefnd
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Selfossi, 26. apríl 2017

**Efni: Fjármálaáætlun ríkisins 2018 -2022.
Fundur Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga með fjárlaganefnd Alþingis 26. apríl 2017.**

Í viðhengi eru eftirfarandi gögn vegna fundar Gunnars Þorgeirssonar, formanns Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga (SASS) og Björns Inga Jónssonar, sveitarstjóra Sveitarfélagsins Hornafjarðar, með fjárlaganefnd Alþingis 26. apríl 2017:

- **Ályktanir ársþings SASS 2016**
- Erindi SASS til **Óttarrs Proppé, heilbrigðisráðherra**, dagsett 8. febrúar sl.
- Erindi SASS til **Þorsteins Víglundssonar, félags- og jafnréttismálaráðherra**, dagsett 21. febrúar sl.
- Erindir SASS til **Kristjáns Þórs Júlíussonar, mennta- og menningarmálaráðherra**, dagsett 4. apríl sl.



ÁRSPING SASS 2016 - ÁLYKTANIR

Árสปing SASS, haldið á Hnappavöllum í Örfum dagana 20.-21. október 2016, samþykkti eftirfarandi ályktanir:

Málefni fatlaðra á Suðurlandi

Árสปing SASS 2016 lýsir yfir miklum **áhyggjum af fjárskorti í rekstri málaflokks fatlaðs fólks** á Suðurlandi, en útkomuspá fyrir árið 2016 gerir ráð fyrir að um 31 m.kr. muni falla á sveitarfélögin á þessu rekstrarári til viðbótar við rúmlega 120 m.kr. árið 2015. Þrátt fyrir aukna fjárveitingu á árinu 2016 er alveg ljóst að verkefnið stendur engan veginn undir sér og ekkert svigrúm er til uppbyggingar af rekstrarframlögum.

Hjúkrunarrými / stuðningur við aldraða til að búa heima sem lengst

Árสปing SASS 2016 leggur áherslu á að **áfram verði unnið samkvæmt skýrslu um stöðugreiningu hjúkrunarheimila á Suðurlandi** sem SASS lét gera á vormánuðum 2015.

Helstu niðurstöður skýrslunnar voru eftirfarandi:

- fjölga þarf hjúkrunar- og hvíldarrýmum
- fjölga úrræðum fyrir einstaklinga með heilabilun
- útrýma tvíbýlum
- tryggja nægjanlegt einkarými svo hægt sé að veita nauðsynlega persónulega þjónustu
- hækka daggjöld svo rekstur heimila standi undir sér

Biðlistar hafa lengst en í dag eru 42 einstaklingar að bíða eftir hjúkrunarrýmum og 59 einstaklingar að bíða eftir hvíldarrýmum á svæðinu, en það er 19% aukning frá því á sama tíma fyrir ári.

Mikilvægt er að **farið verði strax í nýbyggingu hjúkrunarheimilis á Höfn** en þar eru nær eingöngu tveggja manna herbergi sem uppfylla ekki viðmiðunarreglur velferðarráðuneytis um stærð og aðbúnað fyrir íbúa.

Nauðsynlegt er að **styrkja heimahjúkrun á svæðinu** til muna svo að í boði verði kvöld- og helgarþjónusta. Það ásamt því að fjölga hvíldarrýmum og gefa leyfi fyrir endurhæfingarhvíldarrýmum sem gæti dregið úr þörf fyrir hjúkrunarrými auk þess að koma til móts við óskir fólks um að búa heima eins lengi og unnt er.

Heilbrigðisstofnun Suðurlands

Árสปing SASS 2016, hvetur ríkisvaldið til að **tryggja fjárhagslegan rekstrargrundvöll Heilbrigðisstofnunar Suðurlands (HSU) og leiðréttu skuldavandann** sem skapaðist við sameiningu heilbrigðisstofnana á svæðinu. Mikilvægt er að standa vörð um öfluga heilsugæslu.

Vaxandi ferðamannastraumur hefur leitt af sér gífurlega aukningu í sjúkraflutningum ásamt því að valda verulega **auknu álagi á fagfólk heilbrigðisstofnana**. Hvort tveggja veldur miklum kostnaðarauka sem veldur auknum halla á rekstri stofnunarinnar.

Brýnt er að **styrkja sjúkraflug** þannig að viðbragðstími sé innan ásættanlegra viðmiðunarmarka og í því skyni hvetur árสปing SASS heilbrigðisyfirvöld m.a. til að vinna áfram hugmyndir um **sérhæfðar sjúkraþyrlur**.



Árþingið telur nauðsynlegt að **tryggja fæðingarþjónustu í nærumhverfi** þjónustuþega. Þar sem aðgengi að fæðingarþjónustu innan nærumhverfisins er ekki við komið er brýnt að aukakostnaður vegna slíks verði ekki lagður á fæðandi konur og fjölskyldur þeirra.

Árþing hvetur heilbrigðisyfirvöld að setja aukinn kraft í **þróun fjarlækninga** til að koma til móts við þjónustuþörf í dreifðari byggðum.

Árþingið tekur undir sjónarmið Hornafjarðar og bendir á skýran vilja bæjarstjórnar Hornafjarðar og framkvæmdaráðs HSU, Hornafirði, til að **endurnýja þjónustusamning við sveitarfélagið** áður en núverandi samningur rennur út í lok árs 2016. Mikill árangur hefur náðst á þeim 20 árum sem sveitarfélagið hefur séð um rekstur heilbrigðisstofnunarinnar í samþættingu þjónustunnar.

Menntamál

Árþing SASS 2016 leggur ríka áherslu á **aukið framboð háskólanáms á Suðurlandi**. SASS harmar það að íþrótta- og heilsufræðinám Háskóla Íslands á Laugarvatni verði flutt burtu. Hins vegar fagnar árþingið því að **Háskóli Íslands áformar að hefja fjarnám í völdum greinum á haustönn 2017** í ljósi niðurstaðna úr könnun sem Háskóli Íslands, Háskólafélag Suðurlands og SASS standa sameiginlega að en ráðgert er að ljúka **könnun um þörf fyrir fjarnámi** fyrir komandi áramót. Jafnframt standa þessir aðilar sameiginlega að markaðssetningu og kynningu á námsframboðinu.

Árþing SASS 2016 tekur undir hugmyndir Sambands íslenskra sveitarfélaga um að skoðað verði að **endurgreiða námslán eða breyta námslánnum í styrk fyrir þá sem velja að búsetja sig á landsbyggðinni** að loknu háskólanámi. Þessi leið mun efla dreifðari byggðir, eins og dæmin sanna hjá nágrennaþjóðum okkar.

Árþing SASS telur mikilvægt að sækja fram og efla þær skólastofnanir sem fyrir eru á svæðinu, ásamt því að ná betri tengingu þeirra við atvinnulífið bæði með eflingu verknáms og samtali við atvinnurekendur. Árþingið horfir til þess að Starfamessa 2017 verði góður vettvangur fyrir **aukið samtal atvinnulífs og menntunar**. Þannig næst meiri verðmætanýting auðlinda og fjölbreyttari störf verða til. Árþing SASS 2016 tekur undir **áhyggjur** sem komu fram á þingi Ungmennaráða á Suðurlandi um **lokun heimavistar FSu á Selfossi**.

Nýsköpun

Árþing SASS leggur áherslu á að **stuðningur verði aukinn við nýsköpun og frumkvöðlafræði** með kynningu á grunnhugmyndum nýsköpunarfræða. Þá er mikilvægt að styðja við nýsköpun hvers konar, í matvælaframleiðslu, hönnun og öðru sem styrkir og styður við smáframleiðendur á Suðurlandi. Tryggja þarf samtal milli menntastofnana og atvinnulífs.

Menningarmál

Árþing SASS 2016 leggur áherslu á að standa vörð um **aukið fjármagn í úthlutun til menningarmála** hjá Uppbyggingarsjóði Suðurlands. Mikil gróska er í menningarmálum og því er mikilvægt að hlúa að slíkri starfsemi.

Ungmennaráð Suðurlands

Árþing SASS samþykkti **stofnun Ungmennaráðs Suðurlands**.

Kjörgeng til setu í ráðinu eru fulltrúar ungmennaráða í hverju aðildarsveitarfélagi SASS á Suðurlandi og skal hvert sveitarfélag tilnefna tvo fulltrúa í ráðið, sinn af hvoru kyni.



Stjórn SASS verði falin nánari útfærsla samstarfsins í samráði við ungmennaráð sveitarfélaganna.

Ákvæði til bráðabirgða: Á meðan ekki eru starfandi ungmennaráð í öllum sveitarfélögum á starfssvæði SASS tilnefna sveitarfélögin fulltrúa úr hópi ungmenna á aldrinum 14-25 ára.

Tekjustofnar sveitarfélaga

Árþing SASS 2016 leggur áherslu á að **tekjuöflun sveitarfélaganna** af ferðamönnum verði skoðuð í heild sinni og unnin verði tillaga til ríkisins um **réttmæta skiptingu tekna** til að mæta þörf fyrir uppbyggingu í landshlutanum. Kallað er eftir samstöðu sunnlenskra sveitarfélaga varðandi áherslur og framtíðarfyrirkomulag á tekjuskiptingu ríkis og sveitarfélaga af ferðamönnum.

Samþykkt var að stjórn SASS **skipi starfshóp** með breiðri aðkomu aðildarsveitarfélaga til þess að vinna að **tillögum um tekjuöflun og tekjuskiptingu af ferðamönnum**. Starfshópurinn skal skila skýrslu um málefnið sem verði notuð sem **grunnurinn að málþingi**.

Árþing SASS 2016 telur **breytingu á lögum um veitinga- og gististaði** (90 daga reglan) sem samþykkt var í sumar **hafa verið misráðna** og koma sveitarfélögum landsins illa. Sérstaka athygli vekur að frumvarpsdrögin voru ekki send sveitarfélögum landsins til umsagnar, þrátt fyrir að þar séu ákvæði sem hafa áhrif á tekjumöguleika sveitarfélaga og ákvæði um ný verkefni sveitarfélaga. Aðalfundur SASS skorar á ríkisvaldið að taka málið upp að nýju og viðhafa samráð við sveitarfélögin í landinu.

Umhverfismál – vsk af fráveituframkvæmdum

Árþing SASS 2016 leggur mikla áherslu á að ríkisvaldið sjái til þess að sveitarfélög **fái virðisaukaskatt af fráveituframkvæmdum endurgreiddan**.

Almenningssamgöngur

Árþing SASS 2016 skorar á ríkisvaldið að **standa vörð um almenningssamgöngur í landinu**. Skilgreina þarf lagaramma verkefnisins og tryggja því nægjanlegt rekstrarfjármagn. **Skilvirkt lagaumhverfi** um almenningssamgöngur er forsenda þess að sveitarfélögin á Suðurlandi sjái sér fært að halda áfram að halda utan um þetta verkefni. Staða mála nú er í raun algerlega óviðunandi fyrir sveitarfélögin en fyrirséð er að tap verður á rekstri almenningssamgangna hjá SASS annað árið í röð.

Umferðaröryggi

Árþing SASS 2016 fagnar þeim áformum sem fyrirhuguð eru varðandi úrbætur á þjóðvegakerfinu en ítrekar mikilvægi þess að þau verði að veruleika.

Árleg umferðaraukning á þjóðvegum Suðurlands um 20 - 30% ár eftir ár, án breikkunar og verulegra endurbóta á þjóðvegakerfinu, gengur ekki lengur og því leggur árþingið **rika áherslu á að úrbætur á vegakerfinu** verði settar í forgang.

Fjármunir til viðhalds vegakerfis á Suðurlandi eru langt undir því sem nauðsynlegir eru til að tryggja umferðaröryggi. Mikill fjöldi einbreiðra brúa og vega án bundins slitlags eru **slysagildirur** sem mikilvægt er að verði fjarlægðar hið allra fyrsta.

Bæta þarf allar merkingar vega, vara við hættusvæðum með ljósum og tryggja aðskildar akstursstefnur á fjölförnustu vegum Suðurlands.



Tryggja þarf nægjanlegt fjármagn til **viðunandi vetrarþjónustu** þannig að umferðaröryggi verði tryggt. Ársþingið leggur enn og aftur áherslu á að **ný veglína um Mýrdal komist á 12 ára samgönguáætlun**, sem enn hefur ekki tekist að ljúka við.

Þá leggur ársþingið áherslu á að sem fyrst verði gengið frá áætlun um að koma upp **merktum áningarstöðum** sem mæta þörfum ferðamanna á þjóðvegum landsins.

Hafnir, sjóvarnargarðar og Grynnslín

Ársþing SASS 2016 skorar á stjórnvöld að **tryggja nægjanlegt fjármagn til viðhalds og uppbyggingar hafna** á starfssvæði samtakanna.

Ársþing SASS 2016 leggur áherslu á að ráðist verði í **gerð sandfangara frá Suðurfjörum út í Einholtskletta við Hornafjörð**, en talið er að með þeirri aðgerð megi hefta sandburð úr vestri inn á Grynnslín við Hornafjarðarós.

Ársþing SASS leggur áherslu á að **sjóvarnargarðar** sem gegna eingöngu hlutverki varna gegn náttúruvá **fái sömu meðhöndlun ríkisvaldsins og nú er hjá Ofanflóðasjóði**.

Flugsamgöngur

Ársþing SASS 2016 telur mikilvægt að **tryggja eðlilegt viðhald flugvalla á Suðurlandi** með öryggissjónarmið íbúa í huga. Þingið leggur áherslu á að **Reykjavíkurflugvöllur verði áfram í Vatnsmýri** sem er mikið hagsmunamál fyrir íbúa landsbyggðarinnar.

Raforkumál

Tryggja verður **afhendingaröryggi rafmagns** á Suðurlandi og einnig verður að **tryggja þriggja fasa rafmagn** á öllu svæðinu hið fyrsta, þessir þættir eru báðir forsendur fyrir uppbyggingu byggðar og atvinnu á Suðurlandi.

Háhraðatengingar

Ársþing SASS skorar á stjórnvöld að **skapa þau skilyrði sem þarf til þess að hægt sé að ljúka ljósleiðaravæðingu innan allra sveitarfélaga á starfssvæði samtakanna**. Háhraðatengingar eru forsenda byggðar og atvinnu í dreifðari byggðum.

Ferðamálastefna Suðurlands

Ársþing SASS 2016 leggur til að **samræmd ferðamálastefna fyrir Suðurland** verði unnin og horft verði til þrískiptingu svæðisins, sbr. niðurstöður markaðsgreiningar Markaðsstofu Suðurlands. Mikilvægt er að SASS styðji við vinnu Stjórnstöðvar ferðamála við gerð stefnumarkandi stjórnunaráætlana (DMP) fyrir Suðurland.

Ferðþjónustan reynir á þölmörk íbúa sem er hættumerki og þarf að taka utan um á öllu Suðurlandi. Styðja þarf við nærsamfélagið og vinna að því að **mæta þörf fyrir starfsmenn** og þar með íbúa á svæðinu til að mæta þörfum greinarinnar. Þar eru **húsnæðismál meginforsenda** þess að ferðþjónusta geti vaxið og dafnað á Suðurlandi.



Heilbrigðisráðherra
Óttarr Proppé
Skógarhlíð 6
105 Reykjavík

Selfossi, 8. febrúar 2017

Efni: Heilbrigðismál á Suðurlandi

Brýn málefni sem vinna þarf fljótt og leysa örugglega

Fæðingarþjónustu í Vestmannaeyjum verður að efla með því að hafa sólarhringsvakt á skurðstofu. Það verður að vera raunhæfur kostur fyrir fæðandi konur að geta átt í heimabyggð en þurfa ekki að bíða, jafnvel vikum saman, fjarri heimahögum til að tryggja öryggi í fæðingu.

Brýnt er að styrkja sjúkraflug þannig að viðbragðstími sé innan ásættanlegra viðmiðunarmarka en þetta á sérstaklega við um flug frá Vestmannaeyjum og Höfn í Hornafirði. Einnig er lögð áhersla á að vinna áfram hugmyndir um sérhæfðar sjúkrabyrlur.

Styrkja þarf stoðir heilsugæslunnar á öllu svæðinu og auka aðgengi landsbyggðarinnar að sérfræðilæknum í heimabyggð.

Tryggja þarf að þjónusta innviða fylgi umfangi en vaxandi ferðamannastraumur hefur leitt af sér gífurlega aukningu í sjúkraflutningum ásamt því að valda verulega auknu álagi á fagfólk heilbrigðisstofnana. Hvort tveggja veldur miklum kostnaðarauka fyrir Heilbrigðisstofnun Suðurlands (HSU).

Útrýma þarf öllum tvíbýlum í landshlutanum, þau hjúkrunarheimili sem enn hafa tvíbýli eru Ás í Hvergerði og HSU-Höfn í Hornafirði, ekki getur talist mannsæmandi að eyða síðustu ævikvöldunum inni á herbergi með öðrum.



Neyðarráðstafanir sem verður að grípa til strax vegna lokunar Kumbaravogs

Vegna lokunar Kumbaravogs skapast ófremdarástand í Árnassýslu þar sem **19 íbúar Kumbaravogs verða teknir fram fyrir biðlista inn á hjúkrunarheimilin** þar. Í Árnassýslu eru nú 19 einstaklingar að bíða eftir hjúkrunarrýmum fyrir utan þá sem koma frá Kumbaravogi.

Þau þrjú hvíldarinnlagnapláss sem til eru í Árnassýslu verða öll **tekin undir íbúa Kumbaravogs** eins og staðan er núna og er því óvíst hvenær hvíldarinnlagnapláss losna aftur í Árnassýslu. Nú eru **29 manns að bíða í Árnassýslu eftir hvíldarinnlögn**.

Það mun verða mikið álag á heimahjúkrun í Árnassýslu og því mikilvægt að ráðuneytið bregðist hratt við og veiti HSU heimild til að setja **hjúkrunarfræðinga á kvöld og helgarvaktir**. Einnig hefur stofnunin óskað tímabundið eftir tveimur rýmisheimildum frá Kumbaravogi til að opna hvíldarrými á sjúkradeild stofnunarinnar á Selfossi.

Brýnt er að gert sé ráð fyrir að **nýtt hjúkrunarheimili** sem reisa á í Árborg verði að lágmarki með 60 rýmum í fyrsta áfanga og með stækkunarmöguleika upp í 80 rými.

Virðingarfyllst,
f.h. SASS

Gunnar Þorgeirsson, formaður

Unnur Þormóðsdóttir, stjórnarmaður

Bjarni Guðmundsson, framkvæmdastjóri



Velferðarráðuneytið
Þorsteinn Víglundsson, félags- og jafnréttismálaráðherra
Skógarhlíð 6
105 Reykjavík

Selfossi, 21. febrúar 2017

Efni: Ósk um að gerður verði fimm ára samningur um ART verkefnið á Suðurlandi

Í árslok 2016 rann út tímabundinn samningur Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga (SASS) við velferðarráðuneytið um fjármögnun ART (Aggression Replacement Training) verkefnisins á Suðurlandi. Gildistími hans var eitt ár.

Sveitarstjórnarmenn, þingmenn, og þá sérstaklega þingmenn Suðurkjördæmis, hafa staðið vörð um ART verkefnið og við lokaafgreiðslu fjárlaga síðustu tvö ár hefur tekist að tryggja áframhaldandi fjárveitingu þess. Fjárveiting er því tryggð fyrir árið 2017 en eftir er hins vegar að ganga frá samningi um verkefnið.

Óskað er eftir að sem fyrst verði gengið frá samningi fyrir árið 2017 og jafnframt verði gerður fimm ára samningur um ART verkefnið á Suðurlandi og veitt til þess árlega 30 m.kr. á fjárlögum ríkisins.

ART verkefnið hefur verið í gangi síðan árið 2006 og skilað góðum árangri. ART teymið á Suðurlandi veitir börnum með hegðunar- og tilfinningavanda, fjölskyldum þeirra og skólum meðferð og stuðning.

Það er kostnaðarsamt fyrir samfélagið að halda úti sálfræðiþjónustu, félagslegri aðstoð og meðferðarúrræðum og sýna tölur sem Barnaverndarstofa hefur tekið saman fyrir Suðurlandið, að sá fjöldi sem þurft hefur að sækja til Stuðla, Neyðarvistunar, Götusmiðjunnar og meðferðarheimila hefur stórlega minnkað.

	2007	2010	2013
Meðferðarheimili	3	0	0
Stuðlar	3	2	1
Neyðarvistun	11	8	1
Götusmiðja	1	1	
Alls:	18	11	2

Skólar á Suðurlandi og víðs vegar annars staðar á landinu nota ART þjálfun sem forvarnaraðferð og þjálfun í félagsfærni, sjálfsstjórn og siðferðisvitund.



Fjölskyldur, sem leitað hafa aðstoðar ART teymisins, hafa fengið ART fjölskylduráðgjöf og þannig fengið í hendur öflug verkfæri sem nýtast þeim í erfiðum uppeldisaðstæðum.

Heimili og skólar sem markvisst vinna með ART segja að bragurinn hafi breyst, samheldnin aukist, skilningur og umburðalyndi, þolinmæði og meiri jákvæðni ríki. Það hefur sýnt sig í því að fleiri og fleiri skólar og félagsþjónustur á Íslandi eru að senda starfsfólk á ART - réttindanámskeið.

Mikilvægt er að halda úti öflugum teymi starfsfólks til að tryggja að aðferðin festist enn frekar í sessi og þeir sem beita henni hafi aðgang að sérhæfðri þekkingu og bakhjarli þegar verið er að kljást við erfið mál.

Árleg óvissa um fjármögnun hefur háð verkefninu til þessa og erfitt hefur verið að gera áætlanir til framtíðar, bæði í starfmannahaldi og annarri áætlanagerð. Mikill einhugur er meðal sveitarstjórnarmanna á Suðurlandi um mikilvægi verkefnisins og að framtíð þess sé tryggð eins og fjöldi ályktana hagsmunaaðila, stjórnar SASS og ársþinga samtakanna ber gott vitni um. Sveitarfélög á Suðurlandi greiða um 20% af heildarkostnaði verkefnisins. Verkefnið hefur fengið framlag á fjárlögum ríkisins frá upphafi, en síðari ár ekki fyrr en við lokaafgreiðslu fjárlaga.

Verkefnið er eitt fárra verkefna sem að skólar og félagsþjónustur geta nýtt sér á einfaldan og uppbyggilegan hátt.

Öll viljum við vinna að því að börnunum okkar líði sem best og að velferð þeirra sé höfð í fyrirrúmi. Það gerum við með því að gefa þeim, foreldrum og öllum þeim sem vinna með börn kost á því að læra og getað nýtt sér ART undir handleiðslu og ráðgjöf frá ART teyminu. ART FYRIR ALLA!

Vildum ítreka kynningu á þessu árangursríka verkefni en nauðsynlegt er að tryggja áframhaldandi fjármögnun þess og þá á föstum fjárlögum ríkisins og með samningi til lengri tíma.

Hér með er því ítrekuð ósk við ráðuneytið að gerður verði fimm ára samningur um ART verkefnið á Suðurlandi og veitt verði til þess árlega 30 m.kr. á fjárlögum ríkisins. Þannig getur teymið áfram byggt ofan á reynslu undangenginna ára til heilla fyrir íslensk börn, ungmenni og fjölskyldur.

Virðingarfyllt,
f.h. SASS

Gunnar Þorgeirsson,
formaður

Sigríður Þorsteinsdóttir,
verkefnisstjóri ART teymisins

Bjarni Guðmundsson,
framkvæmdastjóri

Hér á eftir er upptalning á atriðum sem tengjast ART verkefninu:

- Starfssvæðið er á Suðurlandi frá Hellisheiði í vestri að Lómagnúp í austri
- Grunnskólar á svæðinu eru alls 17
- Leikskólar á svæðinu eru alls 19
- Þrír starfsmenn
- 23 erindi á vorönn 2017 (32 umsóknir), auk erindi í eftirfylgni en þau eru 15
- Búið að halda tvö námskeið á vorönn, eitt á Suðurlandi og eitt á Akureyri
- Áætlað að halda eitt upprifjunarnámskeið á árinu fyrir þjálfara sem eru með ART þjálfunar réttindi
- Eftirspurn á fjölskyldu ART af höfuðborgarsvæðinu svæðinu er nokkur
- Þrjú námskeið áætluð í haust eitt í Fjarðarbyggð og tvö á Suðurlandi
- Fjöldi starfsfólks sem sótt hafa ART réttindanámskeið frá upphafi eru 787 og þar af eru 421 af Suðurlandi
- Vottaðir skólar eru 6 og einn af þessum skólum er Grunnskólinn á Þórshöfn

Kostir ARTsins

- Samvinna á milli ólíkra stofnana
- Foreldrum og skólum gefið tækifæri á því að unnið sé með barnið í nærumhverfi
- Oft langur biðtími í önnur úrræði og greiningar. Gott að geta byrjað strax í heimabyggð
- Getur haft þau áhrif að ekki þurfi að taka börn út af heimilinu
- Fyrirbyggjandi þjálfun einstaklinga allt frá leikskólaaldri
- Forvarnarvinna mikilvæg þar sem að öll börnin í bekkjum/deildum fara í ART, ekki verið að setja stimpil á eitt barn
- Samstarf við önnur lönd sem að eru með ART. Nefndarmaður frá Suðurlandi í stjórn PREPSEC sem eru alþjóðleg samtök um sameiginlega mynd og þróun á ART
- Væntanlegt samvinnuverkefni milli Norðurlanda þar sem unnið er markvisst með ART bæði í skólum og sem fjölskyldu ART

★ ART þekking til staðar



Uppfært 20.02.2017



Mennta og menningarmálaráðuneytið
Kristján Þór Júlíusson, mennta- og menningarmálaráðherra
Sölvhóls götu 4
101 Reykjavík

Selfossi, 4. apríl 2017

Efni: Málefni tengd mennta- og menningarmálum á Suðurlandi

Sóknaráætlun Suðurlands

Sóknaráætlun er mjög mikilvægur þáttur í byggðaþróun. Nauðsynlegt er að halda áfram að vinna að markmiði samningsins sem er að stuðla að jákvæðri samfélagsþróun, treysta stóðir menningar og auka samkeppnishæfni landshlutans og landsins alls. Vel hefur tekist til á undangengnum árum en mikilvægt er að samningsaðilar auki ráðstöfunarfé til samningsins líkt og kveðið er á um í 12. gr. hans. Dæmi um vel heppnuð verkefni á sviði menntamála má nefna nýafstaðna starfameissu og könnun meðal íbúa og atvinnulífs á Suðurlandi á þörf fyrir fjarnámi á háskólastigi.

Málefni Fræðslunetsins og Háskólafélagsins

Starfssvæði félaganna er það stærsta á landinu meðal hliðstæðra stofnana, nær allt frá Selvogi í vestri og austur í Lón, tæplega 500 km., en sveitarfélagið Hornafjörður bættist við starfssvæði félaganna 2014. Stærð svæðisins endurspeglast ekki í föstum fjárveitingum til stofnananna. Félögin fengu viðbótarfé af safnlið ráðuneytisins 2014 vegna Hornafjarðar, og 2015 og 2016 fengust viðbótarfjárveitingar í gegnum fjárlaganefnd (10 m.kr. 2015 og 15 m.kr. 2016). Enn var leitað til fjárlaganefndar í nóvember 2016 og í desember sl. samþykkti fjárlaganefnd/Alþingi að veita 60 m.kr. „í ýmis smærri verkefni og styrki til aðila sem þjónusta háskólana, svo sem til símenntunarmiðstöðva og fræðsluneta“. Afar brýnt er að fjárveitingum til félaganna verði nú komið á varanlegan grundvöll. Viðbótarfjárveitingin í fjárlögum 2017 var færð á málefna svið háskólastigsins á málaflokkinn *Rannsóknarstarfsemi á háskólastigi*. Minnt er á bókun stjórnar Háskólafélagsins frá 14. mars sl., sjá fylgiskjal 1. Það er réttlætismál að íbúar landsbyggðarinnar sitji við sama borð eftir því sem tók eru á varðandi þjónustu sem tekur til háskólanáms og framhaldsfræðslu, óháð því í hvaða landshluta þeir búa. Minnt er á efni um menntamál í skýrslu starfshóps um eflingu byggðar og atvinnulífs á svæðinu milli Markarfljóts og Öræfa, sjá fylgiskjal 2, þar sem ríkisstjórnin fól fagráðuneytum að fara yfir tillögur starfshópsins. Loks er minnt er á að félögin standa saman að rekstri þekkingarseturs á Selfossi, Fjölheima, þar sem á þriðja tug háskólamenntaðra starfsamanna ellefu stofnana og félaga hafa aðstöðu auk fjölda námsmanna, bæði í framhaldsfræðslu og á háskólastigi. Þekkingarsetrið nýtur engra sérstakra styrkja frá hinu opinbera (umfram grunnfjárveitingu Háskólafélagsins og Fræðslunetsins).



Málefni Laugarvatns

Á fjárlögum 2017 er um 35 m.kr. tímabundin fjárveiting til „að efla rannsóknarsetur á háskólastigi á Laugarvatni“. HÍ hefur yfir að ráða húsnæði í þessu sambandi, bæði fyrir starfsmenn og vinnuáðstöðu. Brýnt er að ganga sem fyrst frá því að um varanlega fjárveitingu verði að ræða en slíkt er nauðsynlegt til að hægt verði að auglýsa eftir sérfræðingum og hefja þar starfsemi nú í sumar/haust.

Málefni Garðyrkjuskólans á Reykjum í Ölfusi

Á fjárlögum 2017 voru veittar 70 m.kr. til viðhalds og endurbóta á því húsnæði Landbúnaðarháskólans sem er á Reykjum í Ölfusi. Í álitni fjárlaganefndar kom fram að hún vænti þess að í kjölfar endurbótanna verði húsnæðið afhent Ríkiseignum sem innheimti leigu á móti reglulegu viðhaldi með sama hætti og almennt á við um annað húsnæði í eigu ríkisins. Að sögn forsvarsmanna skólans er talið að þessi fjárveiting sé ónóg til að þessi áform gangi eftir.

Þekkingarsetur Vestmannaeyja

Þekkingarsetur Vestmannaeyja (ÞSV) í samstarfi við Vestmannaeyjabæ hefur á undanförunum árum unnið að því að koma starfseminni í nýtt og hentugra húsnæði. Framkvæmdir við endurgerð Fiskiðjunnar eru langt á veg komnar og mun Þekkingarsetrið fá aðstöðu í um 1.000 m² rými á 2. hæð. Húsnæðið mun gjörbylta allri aðstöðu Þekkingarsetursins sem hefur búið við mjög svo þröngan kost undanfarin ár. Auk almenns skrifstofuhúsnæðis er gert ráð fyrir nýrri kennslu- og nemendaaðstöðu fyrir Visku, fræðslu og símenntunarmiðstöð, HÍ og HR ásamt því að nýjar rannsóknastofur verða settar upp fyrir rannsóknastofnanir þær sem hafa aðsetur í Setrinu en þar má nefna Matís, Náttúrustofu Suðurlands og Hafrannsóknastofnun. Þekkingarsetur Vestmannaeyja leigir aðstöðuna af Vestmannaeyjabæ og framleigir til stofnana og fyrirtækja innan ÞSV. Allt hefur verið gert til að halda kostnaði niðri í þeim tilgangi að halda leiguverði í lágmarki en mikill kostnaður fylgir þó því að fara yfir í nýtt húsnæði. Þar sem um er að ræða aðstöðu og búnað sem nýtist að miklu leyti stofnunum sem eru með aðkomu ríkisins á einn eða annan hátt er mikilvægt að ÞSV fái aukaframlag á fjárlögum að fjárhæð 15 m.kr. til þess að standa straum að kostnaði við kaup á innréttingum í kennslu- og rannsóknaraðstöðu.

Fagháskólastigið

Austið 2016 var birt skýrsla um þetta mál og er gert ráð fyrir tilraunaverkefnum á þessu sviði á næsta skólaári. Háskólafélag Suðurlands og Fjölbrautaskóli Suðurlands eru kjörnir samstarfsaðilar háskóla um þróunarstarf í þessu sambandi. Stefnt er að málþingi á Selfossi um málið nú í maí. Ferðabjónusta og hestamennska eru greinar þar sem bæði atvinnulíf og námsframboð gefa tilefni til tilraunaverkefna á þessu sviði.

Fjarnám á háskólastigi

Í samvinnu SASS, Háskólafélagsins og HÍ var nú í vetur gerð ítarleg könnun á þörfinni fyrir fjarnám á háskólastigi á Suðurlandi. Skýrsla um verkefnið verður tilbúin allra næstu daga hjá Félagsvísindastofnun HÍ og er mikilvægt að ráðuneytið hafi niðurstöður hennar í huga þegar gengið er frá samningi við HÍ. Sumir háskólar landsins standa sig mjög vel í því að gera grunnám á háskólastigi aðgengilegt fyrir dreifðar byggðir landsins en á fjölmörgum sviðum



er viðkomandi nám einungis í boði í HÍ og einungis í staðnámi í Reykjavík. Þessu þarf að breyta.

Á yfirstandandi skólaári fór HR af stað með diplómanám í Haftengdri Nýsköpun. Námið er unnið í samstarfi HR, HA, Þekkingarsetursins, Visku og sjávarútvegsins í Vestmannaeyjum. Mikilvægt er að hvetja til frekari uppbyggingar á þessu námi í þeim tilgangi að festa það í sessi enda mjög svo viðeigandi að námið er sett upp á landsbyggðinni í nánnum tengslum við atvinnugreinina.

Þekkingarsetrið Nýheimar á Höfn

Þekkingarsetrið Nýheimar hefur með verkefnum sínum stuðlað að samstarfi aðila á sviði menntunar, menningar, rannsókna og nýsköpunar á Suðausturlandi. Starfsemin er fyrir margt einstök þar sem tólf ólíkar stofnanir og aðilar sameinast undir einn hatt í þeim tilgangi að vinna saman að því að skapa öflugt þekkingarsamfélag á landsbyggðinni. Þótt starfsemi þekkingarsetursins snúi fyrst og fremst að nærsamfélagi þess þá hefur það í auknum mæli leitað eftir samstarfi við hliðstæð þekkingarsamfélög annars staðar á landsbyggðinni og einnig erlendis. Efling þekkingarstarfs sem þessa er landshlutanum, og raunar landsbyggðinni allri, því afar mikilvæg.

Virðingarfyllst,

Gunnar Þorgeirsson, formaður SASS

Bjarni Guðmundsson, framkv.stj. SASS

Sigurður Sigursveinsson, framkv.stj.
Háskólafélag Suðurlands

Eyjólfur Sturlaugsson, framkv.stj.
Fræðslunetið símenntun á Suðurlandi

Fylgiskjal 1

Stjórn Háskólafélags Suðurlands samþykkti eftirfarandi bókun á fundi sínum á Selfossi 14. mars 2017:

Starfssvæði Háskólafélags Suðurlands og Fræðslunetsins er mun stærra og fjölmennara en svæði sambærilegra stofnana á landsbyggðinni. Háskólafélagið sinnir nærþjónustu um gjörvallt svæðið, ólíkt mörgum þekkingarsetrum sem eru fyrst og fremst staðbundin og veita takmarkaða nærþjónustu.

Stjórnin vekur athygli mennta- og menningarmálaráðuneytisins á þeirri staðreynd að Alþingi hefur undanfarin ár veitt ítrekað tímabundnar viðbótarfjárveitingar til Háskólafélagsins/Fræðslunetsins til að koma til móts við ónógar fjárveitingar til þessa víðfeðma landssvæðis en í fjárlagagerðinni árið eftir hefur viðbótarfjárveitingin jafnan verið strikuð út.

Stjórnin skorar á ráðuneytið að nýta nú það svigrúm sem afgreiðsla Alþingis í desember sl. gaf í þessu sambandi, bæði varðandi skiptingu fjár 2017 og til frambúðar. Minnt er á aukna ábyrgð ráðuneytisins varðandi skiptingu fjár innan sinna málefnasviða og málaflokka með lögum nr. 123/2015 um opinber fjármál.

Fylgiskjal 2

Niðurstöður skýrslu starfshóps um eflingu byggðar og atvinnulífs á svæðinu milli Markarfljóts og Öraefa, nóvember 2016:

Á framhaldsskólastiginu tóku sveitarfélögin þrjú fullan þátt í byggingu Fjölbrautaskóla Suðurlands (FSu). Nú hefur heimavist FSu verið lokað og leigusamningi sagt upp. Staðan er því sú að ekki er nein heimavist við skólann. Þetta hefur alvarlegar afleiðingar í för með sér fyrir nemendur sem eiga heima langt frá Selfossi því þetta takmarkar verulega möguleika þeirra til að sækja sér menntun. Það er því aðkallandi að koma aftur á heimavist við skólann, einkum fyrir þá nemendur sem ekki eiga þess kost að nýta sér daglegan skólaakstur vegna fjarlægðar frá Selfossi.

Starfshópurinn beinir því til stjórnvalda að þau hlutist til um að heimavist verði áfram rekin við skólann.

Framhaldsfræðsla (fullorðinsfræðsla) og háskólaþjónusta skipta miklu máli fyrir búsetuskilyrði fólks á svæðinu og einnig kallar sívaxandi fjöldi íbúa af erlendum uppruna á þjónustu í þessu sambandi. Háskólafélag Suðurlands og Fræðslunetið - Símenntun á Suðurlandi sinna þessum málaflokkum. Með sérstakri fjárveitingu frá ríkinu árið 2013 var komið upp námsverum í Vík og á Kirkjubæjarklaustri og þriggja ára áhersluverkefni í Sóknaráætlun Suðurlands 2013-2015 gerði félögunum kleift að ráða starfsmann á svæðinu til að sinna þessum málaflokki. Árið 2016 eru Háskólafélagið og Fræðslunetið með samtals 15 m.kr. tímabundnar fjárveitingar á fjárlögum til að mæta þessum auknu verkefnum.

Starfshópurinn leggur til að þessar fjárveitingar verði gerðar varanlegar frá og með fjárlögum 2017.

Þekkingarsetur hafa verið rekin um árabíl á Kirkjubæjarklaustri og í Vík (Kirkjubæjarstofa síðan 1997 og Kötlusetur síðan 2010). Þessi setur hafa enn ekki fengið rekstrarsamning við mennta- og menningarmálaráðuneytið, en nokkur slík setur hafa verið stofnuð hér á landi og fengið samning á undanförunum árum, m.a. í kjölfar svæðisbundinna úttekta.

Gerð er tillaga um að Kirkjubæjarstofa og Kötlusetur fái slíka stöðu með t.d. 12,5 m.kr. árlegu framlagi á hvort þekkingarsetur. Setrin verði jafnframt liður í þjónustuneti Fræðslunetsins og Háskólafélagsins.

Minnisblað

Til: Fjárlaganefndar Alþingis

Frá: Bláskógabyggð

Dags: 26. apríl 2017.

Efni: Íþróttamannvirki á Laugarvatni og rekstur Rannsóknarsetur Háskóla Íslands á Laugarvatni.

1) Íþróttamannvirkin á Laugarvatni.

Nauðsynlegt er að ákveða sem fyrst rekstrarfyrirkomulag íþróttamannvirkja á Laugarvatni samanber viljayfirlýsingu sem undirrituð var í apríl 2016 í kjölfar ákvörðunar HÍ að hætta kennslu í íþróttá- og heilsufræði á Laugarvatni.

Bláskógabyggð hefur verið reiðubúin til að koma að viðtalsborði um rekstrarfyrirkomulag íþróttamannvirkjana en lítil viðbrögð fengið. Ef Menntaskólinn á Laugarvatni á að sjá um reksturinn þarf að tryggja skólanum fjármagn til rekstursins í fjármálaáætlun ríkisins.

Það er mikið hagsmunamál samfélagsins í Bláskógabyggð, á Suðurlandi og á landinu öllu, að starfsemi verði haldið áfram og fundin varanleg forsenda til að reka þá þjónustu til framtíðar. Ríkið getur ekki vikist undan skyldum sínum gagnvart borgurum sínum.

2) Rannsóknasetur HÍ.

Umræða og vinna hefur verið í gangi undanfarið um málefni og framtíð starfssemi HÍ á Laugarvatni. Búið er að vinna að uppbyggingu rannsóknaseturs HÍ á staðnum. Uppbygging rannsóknarseturs HÍ á Laugarvatni er tilkomin vegna þeirra ákvörðunar HÍ að hætta kennslu í íþróttá- og heilsufræði og var hugsuð sem mótvægisáðgerð við þeirri ákvörðun.

Undirrituð var viljayfirlýsing af forsætisráðherra, mennta- og menningarmálaráðherra, HÍ og Bláskógabyggð þar sem vísað var til þess að gerður yrði samningur milli ríkisins og HÍ þar sem fjárhagslegur grundvöllur væri tryggður næstu 3 árin. Tryggja þarf grundvöll þeirrar starfsemi og tryggja stöðu hennar innan fjármálaáætlunar ríkisins í takt við þau fyrirheit sem gefin höfðu verið.

Undirritaðir er reiðubúnir til að veita frekari upplýsingar ef óskað er.

Helgi Kjartansson, oddviti Bláskógabyggðar

Valtýr Valtýsson, sveitarstjóri Bláskógabyggðar